

Afkoma nautakjötsframleiðenda 2017-2021

*María Svanprúður Jónsdóttir, Kristján Óttar Eymundsson, Ívar Ragnarsson,
Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sigríður Ólafsdóttir og Runólfur Sigursveinsson
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.*

Sumarið 2020 vaknaði sú hugmynd að rýna í afkomu nautakjötsframleiðenda enda hafði þá afurðaverð til þeirra lækkað og biðlistar í slátrun voru farnir að myndast. Þá var þegar í gangi verkefni sem tengdist rekstri á kúabúum auk verkefnis tengt afkomuvöktun á sauðfjárbúum og því eðlilegt og nauðsynlegt að skoða einnig stöðu nautakjötsframleiðenda.

Í júní 2021 var birt niðurstaða þess verkefnis sem byggði á gögnum frá 20 búum sem var heldur lítið gagnasafn en gaf engu að síður ákveðnar vísbendingar um framleiðslukostnað nautakjöts og afkomu búgreinarinnar.

Í framhaldinu var ákveðið að halda áfram með verkefnið og kallað eftir fleiri þátttakendum. Jafnframt var bætt við rekstrargögnum fyrir árin 2020-2021. Þörfin fyrir svona greiningarvinnu er enn brýnni en áður og var ítrekað óskað eftir búum til þátttöku en þegar upp var staðið er unnið með 25 bú.

Sem fyrr var áhersla lögð á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt væri að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Stór hluti þátttakenda er með aðaltekjur sínar af öðrum búgreinum og var lögð umtalsverð vinna í að skipta rekstrarkostnaði á þeim búum á milli búgreina, svo sem réttust niðurstaða fengist.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: María Svanprúður sá m.a. um greiningu rekstrargagna, Kristján Óttar og Ívar sáu um greiningu ræktunargagna og gagna um kjötframleiðslu. Eyjólfur Ingvi kom að úrvinnslu í Excel og framsetningu niðurstaðna, sem hefur þróast frá fyrri úrvinnslu. Runólfur og Sigríður sáu um gagnasöfnun að hluta, yfirlestur, rýni og fleira.

Í þessari greiningavinnu er unnið með vegið meðaltal búanna þegar niðurstöður eru reiknaðar í kr/kg og kr/grip en önnur meðaltöl reiknast af fjölda þáttökubúa.

Verkefnið er unnið með stuðningi úr þróunarsjóði nautgriparæktarinnar.

Um þátttökubúin

Þegar upp var staðið fengust 25 bú til þátttöku í verkefninu, 16 á Norðurlandi og 9 á Suður- og Vesturlandi. Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu. 14 bú eru með holdakýr árið 2021 og á sumum þeirra hefur holdakúastofninn farið vaxandi undanfarin ár. Önnur starfsemi á búunum er breytileg. Sumir eru einnig í mjólkurframleiðslu og aðrir í sauðfjárrækt, ferðaþjónustu eða vélaverktöku. Liðlega helmingur þessara búa var með meirihluta tekna af nautaeldi. 11 bú selja afurðir sínar að einhverju eða miklu leyti beint til neytenda, ýmist í gegnum eigin heimavinnslu eða sérpakkað frá kjötvinnslu.

Þessi mikli breytileiki sem er í þessu litla gagnasafni gerði það að verkum að tölfræðileg greining á því var ekki gerleg en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem vert er að rýna nánar.

Upplýsingar úr skýrsluhaldinu

Ef skoðaðar eru skýrsluhaldsupplýsingar fyrir þau þátttökubú sem halda holdakýr kemur fram talsverður breytileiki milli búa hvað varðar frjósemi kúnna og lifun kálfanna, en að meðaltali er niðurstaðan eftirfarandi:

Tafla 1: Heildarfjöldi holdakúa á þátttökubúum, frjósemi þeirra og afdrif kálfa.

	2017	2018	2019	2020	2021
Fjöldi búa með holdakýr	12	11	12	12	14
Fjöldi kúa/kvígna sem geta borið	673	766	851	962	1.006
Fjöldi kúa/kvígna með burðarsögu	551	644	760	861	888
Hlutfall kúa/kvígna sem bera	82%	84%	89%	90%	88%
Fjöldi kúa án burðarsögu í árslok (> 430 dagar)	113	114	80	77	93
Fjöldi kvígna án burðarsögu í árslok (> 36 mán)	9	8	11	24	25
Hlutfall kálfa - fósturlát/fæddist dauður	6,7%	8,6%	11,2%	11,1%	9,5%
Hlutfall kálfa - drapst í fæðingu	3,9%	4,8%	2,1%	2,2%	1,7%
Hlutfall kálfa - drapst innan sólarhrings	0,0%	0,3%	1,2%	1,5%	0,7%
Hlutfall kálfa - drapst innan 20 daga	1,4%	0,9%	0,4%	1,7%	2,3%
Hlutfall kálfa - lifandi	88,0%	85,3%	85,2%	83,5%	85,9%

Eins og kemur fram í töflu 1 hafa mörg búanna verið í uppbyggingarfasa. Heildarfjöldi kúa og kvígna með burðarsögu á árinu 2021 er orðinn tæplega 900 gripir eða nærri þriðjung af holdakúastofni landsins.

Fjöldi kúa (>430 dagar) og kvígna (>36 mán) án burðarsögu miðast við upplýsingar úr lögbundnum skýrsluskilum í desember á hverju ári. Ef burður innan ársins hefur verið skráður eftir þann tíma gefa tölurnar ekki rétta mynd af frjósemi búsins. Ekki var hægt að ná upplýsingum úr skýrsluhaldsforritinu

Huppu með öðrum hætti svo auðvelt sé. Við frekari þróun á forritinu er því mikilvægt að horfa á bætt aðgengi bænda að þeim lykiltölum sem hafa búrekstrarleg áhrif.

Í töflu 2 má sjá að þátttökubúin eru að slátra samtals um 1.070-1.350 geldneytum á ári og er meðalfjöldi innlagðra geldneyta á hverju búi kominn í 54 gripa á árinu 2021. Ekki var reynt að greina gagnasafnið eftir því hvort um var að ræða holdagripa, blendinga eða íslendinga. Greinileg jákvæð þróun er í fallþunga gripanna án þess þó að meðalaldur þeirra við slátrun sé að hækka. Svo sem sjá má eru þátttökubúin að jafnaði vel yfir landsmeðaltali hvað varðar vænleika og flokkun gripanna en til samanburðar var landsmeðaltal ungnautaflokksins 255,6 kg og gerðarflokkun skv. EUROP-kjötmati 4,6 á árinu 2021. Á árinu 2021 var heildarframleiðsla þátttökubúanna um 16% af landsframleiðslunni í ungnautakjöti.

Tafla 2: Fjöldi geldneyta til innleggs, fallþungi og flokkun ásamt fjölda og fallþunga holdakúa.

	2017	2018	2019	2020	2021
Fjöldi geldneyta alls	1.163	1.070	1.237	1.269	1.351
Meðalfjöldi geldneyta - bú	50,6	44,6	49,5	50,8	54,0
Fallþungi geldneyta	267,2	279,8	285,6	286,9	289,4
Meðalaldur - mánuðir	25,1	23,8	24,0	23,8	24,2
Sláturmat geldneyta - gerð	4,72	5,24	5,47	5,85	5,68
Sláturmat geldneyta - fita	5,72	5,76	5,72	5,81	5,74
Fjöldi kúa - slátrað	48	76	93	77	131
Fallþungi kúa	226,6	197,4	229	239,7	227,6

Greining rekstrargagna

Þegar rýnt er í helstu tölur er varða innkomu á þessum búum má sjá í töflu 3 að afurðatekjur kjöts lækka mikið á árinu 2019 og breytast lítið á árunum 2020 og 2021. Verðhækkningar afurðastöðvarverði nautakjöts fóru ekki af stað fyrr en í lok árs 2021 og því veða þær lítið í afkomuþróun nautkjötsframleiðenda á því ári. Gripagreiðslum er hér deilt niður á innlögð geldneyti til samræmis við annað uppgjör í verkefninu þrátt fyrir að þær greiðslur sé tilkomnar vegna ásettra holdakúa. Rétt er að geta þess að með aukinni þátttöku nautgripabænda í skýrsluhaldi og auknum fjölda holdakúa hafa greiðslur á hverja holdakú lækkað þrátt fyrir aukið fjármagn í búvörusamningi. Sláturálag reiknast sem eðlilegt er á innlagt nautakjöt og fer vaxandi í takt við hlutfallslega vænni gripa og í samræmi við gildandi búvörusamninga. Á árinu 2021 var greitt út sérstakt sláturálag vegna Covid 19 og tilfærsla úr framleiðslujafnvægislið búvörusamninga. Um var að ræða einskiptisaðgerðir byggðar á afurðauppgjöri ársins 2020 sem hækka þann lið umtalsvert á milli ára.

Afurðatengdar tekjur (allt framleitt kjöt og seldir gripir) reiknast hér 980-1.069 kr/kg árin 2017-2020 en hækka í 1.110 kr/kg árið 2021. Eins og kemur fram í töflunni er það fyrst og fremst vegna áhrifa frá auknu sláturálagi. Séu tekjurnar reiknaðar á hvern grip eru þær 277.349 kr árið 2017, hækka í 293.396 kr/grip árið eftir en lækka árið 2019 en fara svo aftur upp og eru 315.169 kr/grip árið 2021.

Hlutfallslegar tekjur af nautaeldi á þáttökubúum er að jafnaði um 37% af heildartekjum og er hæst á árinu 2021 eða tæp 41%. Inni í liðnum heildartekjur eru tekjur tengdar öðrum búgreinum og ýmiskonar verktöku auk tekna af framlögum vegna jarðræktar og fjárfestinga.

Tafla 3: Afurðatekjur og opinberar greiðslur, greint á kg kjöts og sláturgripi, einnig samtala afurðatekna og heildartekna meðalbúsins.

	2017	2018	2019	2020	2021
Afurðatekjur kjöt kr/kg	878	873	794	817	829
Afurðatekjur kjöt kr/grip	233.241	239.618	223.710	232.212	235.455
Gripagreiðslur, kr/kg	136	152	139	147	144
Gripagreiðslur, kr/grip	36.092	41.604	39.253	41.872	40.859
Sláturálag, kr/kg	30	44	47	58	137
Sláturálag, kr/grip	8.016	12.174	13.320	16.373	38.855
Samtals afurðatekjur, kr/kg	1.044	1.069	980	1.022	1.110
Samtals afurðatekjur, kr/grip	277.349	293.396	276.283	290.457	315.169
Samtals afurðatekjur, kr.	13.994.581	14.009.716	14.698.257	15.638.202	18.683.215
Samtals heildartekjur, kr.	37.205.327	41.649.676	41.822.616	43.675.662	45.644.651

Í töflu 4 kemur fram greining á breytilegum kostnaði eftir árum. Kostnaður vegna aðkeypts fóðurs er þar stærsti einstaki liðurinn eða um 27-33% af heildar breytilegum kostnaði. Aðrir liðir eru dálítið breytilegir eftir árum en áburður og sáðvara er í flestum árum næst stærsti útgjaldaliðurinn.

Hér er breytileikinn hjá þáttökubúum gríðarlega mikill því sum búin kaupa nánast ekkert kjarnfóður heldur einbeita sér alfarið að gróffóðureldi og jafnvel kornrækt til kjötframleiðslu. Önnur bú einbeita sér að einskonar þauleldi með kjarnfóðri og auka þar með vaxtarhraða gripanna og slátra þeim yngri samhliða góðum vænleika og flokkun. Hluti af kostnaði við aðkeypt fóður hjá einstökum búum er tilkominn vegna kaupa á mjólkurdufti, þar sem hvorki eru mjólkurkúr né holdakúr til staðar.

Athyglisvert er að sjá þróun í breytilegum kostnaði þar sem hann lækkar á milli árunna 2018 og 2021, fer úr 758 kr/kg og niður í 725 kr/kg. Tölurnar eru á föstu verðlagi hvers árs og því er ljóst að greinin hefur náð fram tölverðri hagræðingu í sínum rekstri.

Tafla 4: Greining breytilegs kostnaðar á hvert kg innlagt nautakjöt.

	2017	2018	2019	2020	2021
Aðkeypt fóður, kr/kg nautakjöts	178	225	217	217	236
Áburður og sáðvörur, kr/kg nautakjöts	142	154	151	171	166
Rekstur búvéla, kr/kg nautakjöts	121	161	148	138	121
Rekstrarvörur, kr/kg nautakjöts	66	72	66	84	74
Aðkeypt þjónusta, kr/kg nautakjöts	140	146	126	133	128
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg nautakjöts	647	758	708	743	725

Þegar breytilegi kostnaðurinn er skoðaður í heild sinni og í samhengi við tekjur má ætla að með aukinni áherslu á kjarnfóðurgjöf við nautaeldi náist aukinn vaxtarhraði í gripina ásamt betri flokkun. Þessi liður er jafnframt sá sem hækkar mest frá árinu 2017 eða um 58 kr/kg. Næst á eftir kemur áburður og sáðvara sem hækkaði um 24 kr/kg. Stærstu einstöku liðirnir tengdir aðkeyptri þjónustu eru annars vegar verktakavinna við fóðuröflun og hins vegar slátur- og vinnslukostnaður á búum sem stunda beina sölu afurða. Athygli vekur að sá kostnaðarliður hefur lækkað um 12 kr/kg frá árinu 2017.

Tafla 5 er samsvarandi töflu 4 nema að hér er kostnaðurinn greindur niður á stakt ungnaut. Breytilegur kostnaður, sem hlutfall af afurðatekjum, er lægstur á árinu 2017 en fer síðan vaxandi á hvern grip árabílin 2018-2020 og er þá að jafnaði um 72% af afurðatekjum. Á árinu 2021 er hlutfallið komið niður í 66%.

Tafla 5: Greining breytilegs kostnaðar á hvern sláturgrip.

	2017	2018	2019	2020	2021
Aðkeypt fóður, kr/sláturgrip	47.603	63.060	61.979	62.350	68.298
Áburður og sáðvörur, kr/sláturgrip	37.619	42.341	42.532	48.679	47.089
Rekstur búvéla, kr/sláturgrip	32.198	44.164	41.796	39.352	34.256
Rekstrarvörur, kr/sláturgrip	17.584	19.779	18.715	23.877	21.098
Aðkeypt þjónusta, kr/sláturgrip	37.160	39.957	35.351	37.662	36.267
Breytilegur kostnaður alls, kr/sláturgrip	172.164	209.301	200.373	211.920	207.008

Í töflu 6 kemur fram yfirlit yfir fastan kostnað, laun og helstu kennitölur úr rekstri. Liðir sem tengjast föstum kostnaði eru fasteignagjöld, tryggingar, viðhald fasteigna, rafmagn, hiti, bifreiðakostnaður, gripakaup, bókhalds- og skrifstofukostnaður og ýmis annar kostnaður. Athygli vekur að launaliðurinn lækkar mikið á árinu 2019 þegar afkoman versnaði. Afskriftir og fjármagnsliðir hækka hins vegar á móti enda hefur hluti þátttökubúa staðið í uppbyggingu á aðstöðu til nautaeldis.

Framleiðslukostnaður á hvert kg nautakjöts reiknast svipaður öll árin, eða að meðaltali 1.544 kr/kg nautakjöts þrátt fyrir sveiflur í einstaka kostnaðarliðum á milli ára. Afurðatekjur ná þar með ekki að mæta meðaltals framleiðslukostnaði og þurfa því aðrar tekjur að koma til.

Tafla 6: Fastur kostnaður, laun og helstu kennitölur úr rekstri.

	2017	2018	2019	2020	2021
Fastur kostnaður, kr/kg	246	267	266	248	289
Fastur kostnaður kr/sláturgrip	65.459	73.130	74.994	70.526	82.011
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	276	258	212	212	205
Laun og launatengd gjöld kr/sláturgrip	73.301	70.895	59.745	60.167	58.275
Framlegðarstig afurðatekna	38,6%	30,1%	29,0%	28,3%	36,2%
EBITDA, hlutfall af veltu nautakjöts	-12,1%	-20,4%	-21,3%	-18,0%	-10,2%
EBITDA, hlutfall af heildarveltu	15,5%	17,3%	14,8%	19,7%	15,9%
Afskriftir kr/kg	151	177	196	205	144
Fjármagnsliðir kr/kg	120	125	200	182	159
Vaxtagjöld, % af heildartekjum	4,32%	3,92%	7,18%	6,38%	5,86%
Framleiðslukostnaður alls, kr/kg:					
- án afskrifta og fjármagnsliða	1.169	1.283	1.186	1.203	1.219
- með afskriftum og fjármagnsliðum	1.440	1.584	1.583	1.590	1.522
Rekstrarniðurstaða, kr/kg:					
- án afskrifta og fjármagnsliða	-125	-214	-206	-181	-109
- með afskriftum og fjármagnsliðum	-396	-515	-603	-568	-412

Þegar á heildina er litið hefur afkoma af nautaeldi verið óviðunandi undanfarin ár, sem sést hér best á því að framlegðarstig lækkar úr 38,6% í 28,3% árin 2017-2020 en hækkar árið 2021 í 36,2% með auknum stuðningi og aðhaldi í rekstrarkostnaði. Þegar hlutfall rekstrarafgangs (EBITDA) búanna af nautaeldi er skoðað þá er það neikvætt öll árin en sé reksturinn skoðaður í heild sinni, með öllum rekstrartekjum og gjöldum, þá hefur afkoma þessara bóva verið sveiflukennd og versnar umtalsvert milli árana 2020-2021. Þátttökubúin hafa að einhverju leyti mætt versnandi afkomu með hlutfallslegri lækkun á launagreiðslum miðað við framleiðslu, en laun og launatengd gjöld lækka um 15.000 kr/sláturgrip frá árinu 2017.

Niðurstaða og framtíðarhorfur

Þegar upp er staðið ná afurðatekjur af nautaeldi ekki að mæta framleiðslukostnaði. Skv. rekstrargögnum þátttökubúanna reiknast meðalframleiðslukostnaður nautakjöts svipaður og framleiðslukostnaður á dillakjöti. Í verkefni um afkomuvöktun sauðfjárbúa reiknaðist framleiðslukostnaður með afskriftum og fjármagnsliðum 1.591 kr á kg dillakjöts árið 2020. Í þessu verkefni reiknast framleiðslukostnaður nautakjöts nánast sá sami það ár eða 1.590 kr á kg.

Skv. gögnunum var rekstrarafgangur fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) neikvæður um 109 kr/kg nautkjöts árið 2021. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 412 kr/kg. Það er mun skárri niðurstaða en fyrir árin 2018-2020 en svipuð niðurstöðu ársins 2017.

Fjármagnskostnaður ársins 2021 hefur lækkað talsvert frá árinu 2019 en fyrirsjáanlegt er nú að verðbótaþáttur verðtryggðra lána og hækkun stýrivaxta muni setja verulegt mark á afkomu þessara bóa, sérstaklega þeirra sem hafa verið í uppbyggingu.

Afurðaverðslækkarnir síðustu ára hafa komið mjög illa við nautakjötsframleiðendur og ekki bætir úr að aukinn innflutningur án tillits til aukins framboðs innanlands hefur þýtt að bændum hefur gengið misjafnlega að koma gripum í slátrun á kjörtíma. Mikilvægt er að ná fram jafnvægi á markaði og meiri hækkun á afurðaverði ásamt því að huga áfram að hagræðingu inni á búunum með tilliti til bættrar fóðurnýtingar og lægri fóðurstofnaðar á hvern grip. Á tímabilinu er greinileg jákvæð þróun í kjötmati, fallþunga og auknum vaxtarhraða gripa. Ef sú þróun hefði ekki átt sér stað má álykta að staða þessara nautakjötsframleiðenda væri nú enn verri.

Merki eru um samdrátt í ásetningi nautkálfa milli áráanna 2020 til 2021 og það sem af er ári 2022. Samhliða innri hagræðingu á búunum er nauðsynlegt að stjórnvöld og bændur taki samtal um hvernig stuðningsfyrirkomulagi sé best háttað við greinina með tilliti til fæðuöryggis og rekstrarafkomu.

Nautaeldi hefur víða verið stundað árum saman sem hliðarbúgrein hjá bændum og þar með ekki notið þeirrar athygli sem það á skilið. Bændum sem stunda þessa búgrein sem sína aðaltekjulind hefur gjarnan þótt þeir ekki njóta sömu kjara og athygli og þeir sem stunda aðrar búgreinar. Á þessu hafa orðið breytingar síðustu misseri og má þar nefna innflutning á fósturvísu, aukna áherslu á kynbætur, stuðning við ræktun holdakúa og sláturálag á naut sem ná tilskyldum fallþunga og flokkun. Jafnframt er unnið að því innan RML að þróa skýrsluhaldskerfið Huppu að þörfum nautakjötsframleiðenda og bjóða upp á aukna ráðgjöf við uppeldi kálfa og eldi nauta.

Verkefnishópurinn telur mikilvægt að fylgja þessu verkefni eftir, fjölga þátttakendum og þróa það áfram.